

**78** að 5 líkkistur fullorðinna í einu, og skal það hús alls ekki til annars notað.  
7. júní Bannað skal að láta lík standa uppi í matgeymsluhúsum.

### XIII. Um sektir o. fl.

#### 30. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

#### 31. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. maí 1905.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt fyrir um í 1. gr. í lögum 13. september 1901 um heilbrigðissamþykktir, er staðfest af amtsráði Norðuramtsins.

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri, 7. júní 1904.

*Páll Briem.*

### 79

7. júní

## Heilbrigðissamþykkt

fyrir Húsavíkurborþp í Suðurþingeyjarsýslu.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi hefir gildi fyrir þann hluta Húsavíkurhrepps, sem liggur milli Mundlaugarlágur og Laugardals (Húsavíkurborþp).

#### 2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar er sýslu- nefnd tilnefnir af íbúum borþpsins til jafnlangs tíma.

#### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar á ári en þrisvar: í marz mánuði, í júní mánuði og október mánuði; hann ákveður fundar- tíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefa- skriptir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur

neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta mál-  
inu til amtmanns

79  
7. júní

Hjeraslæknirinn á heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar og taka  
þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett; formaður skal boða honum  
fundina í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr  
hreppssjóði eptir reikningi.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje  
haldin, og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka,  
eða láta rannsaka allt það, er um rædir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu  
hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra  
manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er sam-  
þykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna.  
Ef nokkur einn nefndarmaður annar en formaður krefst inngöngu í hús manna  
til skoðunar í umbóði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt um-  
boð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfundning-  
arvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut  
eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef  
um brot er að ræða gegn samþykktinni.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heil-  
brigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún  
leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fjed sje veitt. Nú hafnar  
hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta mál-  
inu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

## II. Um fráræslu.

#### 6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má eigi láta síga í jörð svo nærri íbúðar-  
húsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist; skal veita  
öllu skolpi burtu frá húsunum í opnum eða lokudum ræsum, eða bera það burtu  
svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna  
eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi flói útúr þeim, og hvergi komi  
pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo opt, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gerð-  
ur í nokkurt ræsi, þá er heimilt að heimta slíka aðgerð.

#### 7. gr.

Ef ræsi er gert meðfram alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir,

**79** er hús eiga frammeð veginum, skyldir að gera skolpræsi hver frá sínu húsi 7. júní útí göturæsið, og skulu þau ræsi eigi lakara gerð en göturæsið.

### III. Um vatnsból.

#### 8. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim, eða fast við þau hvorki fatnað, nje fisk nje ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því, þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

#### 9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera nýjan brunn, eða breyta gömlum brunni, og skal tilkynna það heilbrigðisnefndinni, er segir fyrir hvernig brunnum skuli vera háttað, og er hlutadeigandi skyldur að fara eftir fyrirsögn nefndarinnar.

#### 10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unnt að gera við brunninn svo, að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að moka ofaní brunninn, og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

### IV. Um peningshús, hauga og torir.

#### 11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

#### 12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for eða haugstæði eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart, áðuren hann byrjar verkið og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara áeptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera, og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná  $\frac{1}{4}$  álnar eða meira uppúr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svoað öruggt sje um, að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gera úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svoað þær sjeu vel vatnsheldar bæði botn og veggir.

## 13 gr.

79

7. júní

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumauns. Sýslumaður skal leita álits hjerðslæknis og þvínæst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

## V. Um salerni.

## 14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan umleið reisa salerni, og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteyppt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast uppáð setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sjerstökum klefa ef útigluggi á hjörum er á kleanum, gólfíð steinsteyppt og tvö ílát undir setunni, annað fyrir saur, en hitt fyrir þvag.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salernið yfir forinni þannig, að saurindin fari beina leið í forina.

## 15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hrein, og saurilátin skal tæma áðuren þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um, hvar láta megi saurindi úr salernum.

## 16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gerð, og mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. grein.

## VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

## 17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal allt sorpið burtu, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi, og flutt burtu áður en ílátin fyllast.

## 18. gr.

Það er skylda sjómanna, að fleygja öllu slori í sjóinn, svoað út taki, ef því er eigi safnað í gryfjur á þeim stöðum, er heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

79

7. júní

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna, svo að týlulopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg, eða inná eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, sem óþrifnaðinum veldur, að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

## VII. Um iðnað, er óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir, eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar, og fyrirmælum hennar að því, er hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

21. gr.

Slátrun á fje, sem eigi er lagt í bú, má aðeins fara fram innan luktra skíðgarða, er sjeu svo háir og þjettir, að sláturstörfin sjáist ekki af þeim, er framhjá ganga. Hafa skal á blóðvelli sjerstakt ílát fyrir sulli, og skulu þeir brenndir, eða grafnir í jörðu að kveldi hvers slátrunardags. Hreinsa skal blóðvöllinn daglega umleið og slátursstarfinu er hætt, og bera gor og allt annað, sem ekki er notað, í sjóinn; eða gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Móttakendur sláturfjárins bera ábyrgð á því, að fyrirmælum þessum sje hlýtt.

## VIII. Um bökunarstofur.

22. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eptirlit með öllum bökunarstofum í þorpinu, og skipa bakara að þvo gólf, loft og vegg, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að braudgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár, eða útbrot á höndum eða handleggjum.— Deig má ekki hnóða með fótunum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofu, og enginn má sofa þar.

## IX. Um matvöru.

23. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem er svikin, eða skemmd, eða skadleg fyrir heilsu manna.

Nefndinni skal vera frjálst, með samþykki hreppsnefndar, að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að svikin sje eða skemmd, eða skadleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeradslæknis, eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemmd, og ekki

nýtileg til mannelis, og skal þá lóga vörunni, eða á einhvern hátt gera hana óskadlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum. 79  
7. júní

Ket af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til mannelis, nema hjeradslæknir eða dýralæknir leyfi.

## X. Um íbúðarhús.

### 24. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unnt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda, eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

### 25. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega, og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er eigi bætt á þeim tíma, svoað nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti, að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeradslæknis, og þvínæst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

### 26. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar. Nefndin getur bannað íbúð í gömlun kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist verða hjereptir, má eigi hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

## XI. Um skóla.

### 27. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

### 28. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu á hjörum vera. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

79

7. júní

29. gr.

Ef heilbrigðisnefnd veður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt, og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að barnið eða kennarinn komi í skólann, þartil er sóttnæmishættan er um garð gengin, að læknis dómi.

Hold sveik börn mega ekki í skóla ganga, og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

## XII. Um næma sjúkdóma.

30. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoda hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á svæði því, er samþykktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja, í samráði við hjeraðslækni, um stundarsakir, strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

## XIII. Um kirkjugarða.

31. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndarinnar, og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef svo er raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Kirkjugarðar skulu vera grasi grónir. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofaná kistu.

## XIV. Um sektir o. fl.

32. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 króna sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. dag októbermánaðar 1904.

Samþykkt þessi, sem er orðin til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 1. gr. í lögum 13. september 1901 um heilbrigðissamþykktir, er staðfest af amtsráði Norðuramtsins. 79  
7. júní

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri 7. júní 1904.

*Páll Briem.*

## Heilbrigðissamþykkt

fyrir Litlaárskógssands sjóþorp í Eyjafjardarsýslu.

80  
7. júní

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Samþykktin hefir gildi í þeim hluta Arnarneshrepps, er liggur innan þeirra takmarka, sem hjer greinir: Frá Árbakka að sunnan og vestan og allt til sjávar norðan við Þorvaldsdalsá norður að Hinriksmýri.

#### 2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kys til þriggja ára, og annar er sýslunefnd tilnefnir af íbúum sjóþorpsins til jafnlangs tíma.

#### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marzmánuði, í júnimánuði og októbermánuði; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir, og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til úrskurðar sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja fundi nefndarinnar, og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett; formaður skal boða þeim fundina í tæka tíð. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eptir reikningi.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka allt það, er ræðir um í þessari samþykkt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eigu.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar íbúðir á því svæði, er samþykktin nær yfir og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður krefst inngöngu í hús manna,